

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1908.

Auglýsing um staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir styrktarsjóð Frederiks konungs hins Áttunda til eflingar skógrækt á Islandi, undirskrifuð af ráðherranum 4. mars 1908 (A nr. 3, bls. 8—11).

Auglýsing um reglugjörð til bráðabirgðar fyrir lærdómsdeild hins almenna mentaskóla í Reykjavík, undirskrifuð af ráðherranum 13. mars 1908 (A nr. 4, bls. 12—27.)

Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu 51 um ráðstafanir til þess, að lög um bæjarstjórn í Hafnarfirði 22. 28. mars nóvbr. f. á. geti gengið í gildi.

Samkvæmt 32. gr. laga um bæjarstjórn í Hafnarfirði 22. nóvember 1907 er hjermeð skipað fyrir svo sem nú skal greina.

1. Hreppsnefndinni í Garðahreppi ber að semja kjörskrá yfir alla þá kjósendur, sem fullnægja skilyrðunum fyrir kosningarrjetti til bæjarstjórnar samkvæmt 5. gr. nefndra laga 22. nóvbr. 1907, fyrir miðjan maímánuð næstkomandi, og skal hún úr sínum flokki kjósa tvo menn í kjörstjórn til þess ásamt sýslumanninum í Gullbringu- og Kjósarsýslu sem oddvita að stýra kosningum til bæjarstjórnar, og skal sú kjörstjórn annast um, að kjörskráin liggi til sýnis á hentugum stað hálfum mánuði á undan kjördegi.
2. Oddvita kjörstjórnarinnar ber að boða til kjörfundar, er haldinn skal fyrsta virkan dag í júnimánuði næstkomandi, með nægum fyrirvara samkvæmt 8. gr. laganna, og skal þá á þeim fundi kjósa 7 bæjarfulltrúa fyrir Hafnarfjarðarkaupstað samkvæmt 4. og 6. gr. laganna.
3. Innan 5. júní næstkomandi skal bæjarfógetinn í Hafnarfjarðarkaupstað kalla hina kosnu bæjarfulltrúa á fund til þess að kjósa bæjarstjóra samkvæmt 2. gr. laganna. Bæjarfógeti skal stjórna fundi þessum og yfir höfuð gegna bæjarstjórarstarfinu, þangað til bæjarstjóri er kosinn og getur tekið við starfinu, og ber svo að senda stjórnarráðinu tilkynning um kosningu bæjarstjórans.

- 51** 4. Bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar skal innan 15. júlí næstkomandi semja
28. mars. áætlun um tekjur og gjöld kaupstaðarins frá 1. júní þ. á. til ársloka, er rædd sje á tveim fundum með viku millibili, og liggja til sýnis 14 daga þar eftir.
5. Kjósa skal 5 menn í niðurfjórðungarnefnd til bráðabirgða, þegar bæjarstjórnin er komin á laggirnar, og skal sú nefnd hafa setu þangað til ný kosning getur farið fram eftir 21. gr. laganna í septembermánuði þ. á. Hún skal samkvæmt áætluninni jafna niður samkvæmt 20. gr. laganna hinum áætluðu gjöldum fyrir tímabilið frá 1. júní þ. á. til ársloka (sbr. 19. gr. laganna).

Jafnframt því að tjá yður þetta, herra sýslumaður, til frekari birtingar og ráðstöfunar til framkvæmda, skal lagt fyrir yður að taka til starfa sem bæjarfógeti í Hafnarfjarðarkaupstað með svæði því, er samkvæmt 1. gr. nefndra laga 22. nóvbr. f. á. verður lögsagnarumdæmi fyrir sig, frá 1. júní næstkomandi að telja.

52 **Brjef stjórnarráðsins til biskups um niðurlagning Áskirkju í**
20. maí **Rangárvallaprófastsdæmi.**

Eftir móttöku brjefs yðar, háæruverðugi herra, dagsetts 23. f. m., hefir stjórnarráðið samkvæmt 4. gr. laga 27. febrúar 1880, um skipun prestakalla, og að ráði yðar staðfest þá ákvörðun hlutaðeigandi safnaðar, er hjeráðsfundur Rangárvallaprófastsdæmis hefir samþykkt:

1. Að Áskirkja verði lögð niður í næstkomandi fardögum, þannig að eigendur jarða þeirra í Ássókn, er goldin er af prestsmata, haldi áfram að greiða prestsmötugjald eins og verið hefir, en kirkjuhúsið með sjóði kirkjunnar, ornamentis hennar og instrumentis verði eign Kálfholtskirkju.
2. Að Ássókn verði sameinuð Kálholtssókn og allar tekjur Áskirkju skuli eftir niðurlagning hennar ganga til Kálfholtskirkju.

Þetta er yður til vitundar gefið til leiðbeiningar og til frekari birtingar.